



Hvernig getum við þróað fjarnámið við Menntavísindasvið? Raddir fjarnema og skólastjórnenda

Sólveig Jakobsdóttir, soljak@hi.is

Erindi á Menntakviku 12. október 2018





Um verkefnið

- Hluti af vinnu starfshóps um þróun fjarnáms við Menntavísindasviðs 2017 og 2018, sbr. Önnur erindi á Menntakviku 2018
- Vildum heyra raddir skólastjóra og fjarnema – fulltrúa tveggja stórra hópa sem málið varðar
- Hver er reynsla þeirra af fjarnámi?
- Hvernig finnst þeim að fjarnámið ætti að þróast?



Gagnasöfnun í apríl 2018

- 21 skólar = um 12% af grunnskólum landsins valdir tilviljunarkennt
 - 16 skólastjórar þáðu boð um þátttöku í rannsókn
 - 14 viðtöl náðust (67%), flestir þeirra höfðu stundað fjarnám (12 or 86%)
 - 4 skólar á höfuðborgarsvæði, 10 utan þess
- 100 nemendur valdir tilviljunarkennt af 1969 nemum MVS (5%)
 - Af þeim haft samband við 84 (16 á námsleiðum í staðnámi)
 - 46 samþykktu þátttöku en þar af voru 16 með nær enga reynslu af fjarnámi
 - 30 með reynslu af fjarnámi svöruðu öllum viðtalsspurningum



Gagnasöfnun apríl 2018

- Óskað eftir sjálfboðaliðum: 5 framhaldsnemar á námskeiðinu Fjarnám og kennsla tóku viðtöl og undirbjuggu rannsóknina í samráði við vinnuhópinn
 - Agnes Skúladóttir og Eva Óskarsdóttir framhaldsnemar unnu með Sólveigu Jakobsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur
 - Bella Víðisdóttir, Jóhanna Thorvaldsdóttir og Regína Einarsdóttir unnu með Sólveigu Jakobsdóttur og Karen Rut Gísladóttur
 - Sigríður Pétursdóttir var báðum hópum til aðstoðar



Skólastjórar: hlutfall starfsmanna með réttindi

- 94-100% starfsmanna með réttindi:
í 40% landbyggðarskóla, í meirihluta grunnskóla
- 79-88%: í 30% landsbyggðarskóla
- 61-70%: í 30% landsbyggðarskóla
- (13%: í einum höfuðborgarskóla – sérstök kennslufræði)



Skólastjórar: Fjöldi og hluti starfsmanna í fjarnámi

- 49 starfsmenn í 14 skólum í fjarnámi
- 1 til 11 í hverjum skóla – 2 til 33% af starfsfólki í kennslu
- 3 til 4 að meðaltali í hverjum skóla
- Meirihlutinn í námi við HÍ (86%), MVS nefnt sérstaklega af 43%



Skólastjórar: viðhorf til fjarnáms starfsmanna

- Jákvæð viðhorf koma fram í öllum svörum t.d. nefnt að fólk fái innblástur, námið skili sér í starfið, dæmi:
Mér finnst það mjög gott og eiginlega nauðsynlegt. Þetta gefur skólanum mikið í faglegu starfi sem kemur okkur öllum til góða og við getum nýtt þetta vel inn í skólastarfið. Eins og góð vítamínsprauta, endurnærir og kætir.
- Í um helmingi svara er settir smáfyrirvarar: starfsfólk þurfi að hafa tök á að vera í fjarnámi samhliða vinnu og geti skipulagt tímann; það þurfi að fara saman nám og starf; þetta geti verið mikið álag og komið erfiðir tímar t.d. varðandi staðlotur. Skólar græði alltaf en þetta reyni



Skólastjórar: áhrif á starfsemi skóla?

- Skólastjórar mátu áhrifin jákvæð í stórum dráttum, gróðinn væri mikill og gott að hækka menntunarstig. Ný þekking kæmi inn sem hefði áhrif á faglega umræðu og starfshætti, smitaði út frá sér þannig að aðrir færu líka í nám eða sæktu sér þróunarstyrki. Nefnt var að starfsfólk sem hefði farið í fjarnám væru oft tilbúnari að taka ábyrgð, hefði auka vitund og virkni eða fengi meira sjálfstraust.



Skólastjórar: jákvæð áhrif, dæmi

- Mest jákvæð áhrif
- Gróðinn mikill fyrir skólastarfið og vegur upp á móti forföllum o.fl. alltaf gott að hækka menntunarstig í skólanum.
- Jákvæð áhrif á það að það kemur nýtt inn í skólann; Þeir sem eru í námi flytja stundum erindi og þar með nýjar upplýsingar inn í skólann
- Oft hefur það áhrif á faglega umræðu og starfshætti- koma nýir vinklar með því að hitta aðra kennara úr öðrum skólum og ræða málin. Margir sækja sér í þróunarstyrki til að skoða nám nánar sem síðar skilar sér inn í skólana
- hvetur til að fleiri fari af stað í nám; smitandi áhrif er að lesa og segja frá því sem hefur lærst; Stundum hvetjandi, leiðir til frekara náms starfsfólks, jákvætt.
- þeir sem hafa verið í námi eru oft tilbúnari til að taka ábyrgð
- Aukin vitund og virkni.
- Það eflir starfsfólkið í starfi. Það öðlast meira sjálfstraust. Ég hef fundið mikið fyrir þessu hjá stuðningsfulltrúunum sem sækja nám í Símei.



Skólastjórar: áskoranir v. fjarnáms starfsfólk

- Afleysingar; Manna stöður t.d. vegna viku fjarvistar; íþyngjandi fyrir aðra starfsmenn – aukið álag; Mikil áhrif-fjarvistir og forföll - skila litlu faglegu starfi inn í skólann- á það til að hlífa þeim sem kemur aftan af manni; starfsfólk getur verið pirrað vegna staðarlota
- helst staðloturnar; skólarnir ætlast til mikillar viðveru fjarnema og í staðlotum þarf að dekkja forföll sem geta verið töluverð.
- neikvæð áhrif hvað varðar streitu; mikil streita á þá sem eru í námi og streita hjá öðru starfsfólki vegna fjarveru námsmanna. Finnst mest hjá þeim sem eru í teymiskennslu þar sem ekki er fundin afleysing heldur tvöfaldast álag á þeim sem er eftir.
- Já, það reynir á þætti eins og skipulag, eftirfylgni með líðan starfsfólks þannig að það sé ekki að reyna um of á krafta sína gagnvart nemendum, samstarfsfólki og fjölskyldu. Fjarnám er mikið nám og krefst þess að vera stöðugt að skila verkefnum og á sama tíma skoða vinnuna í samhengi við námið/ prufa sig áfram með aðferðir sem kenndar eru í náminu til dæmis og skrá niður athugasemdir og spurningar sem maður hefur og margt margt fleira, mjög tímafrekt og vildi ég óska þess að sveigjanleikinn gagnvart starfsfólki í námi gæti verið enn meiri.



Skólastjórar: þróun fjarnáms

- Þegar svörin eru skoðuð sést að flestir nefna staðlotur, nokkrir nefndu mikilvægi þeirra en..
 - Staðlotur mættu vera tengdar helgum eða um helgar og/eða á frídögum (4)
 - Hafa staðlotur áður en skólar hefja starf sitt í ágúst og/eða á eftir í júní (2)
 - Þjóða upp á sumarnám/sumarkúrsa (2)
 - Færri, minnka ferðakostnað, nota meira streymi og/eða upptökur, kenna meira á neti fólk sinni námi utan vinnutíma (6)
 - Hafa samfellda daga, ekki “auða” á milli í staðlotum/þjappa skyldutímum saman (2)
 - Sleppa mætingarskyldu í staðlotu ekki síst ef fyrirlestrar (1)
 - Sleppa jafnvel staðlotum (1)




Fjarnemar: Reynsla af fjarnámi

- Um helmingur tók öll sín námskeið í fjarnámi
- 87% vann með náminu, flestir í kennslu og uppeldi
- Vinna stór ástæða fyrir fjarnámi (50%), búseta (33%), fjölskylda (17%), árekstrar í tímatöflu (10%)
- 77% fannst ganga vel að skipuleggja sig
- Um 20% blendnari viðhorf, fór eftir námskeiðum/misserum
 - Gengur vel í höfðinu á mér, en gengur ekkert alltof vel í framkvæmd. Geri oftast allt á síðustu stundu. Minni hvati til að læra þegar maður hefur ekki samnemendur til að ræða við.



Fjarnemar: lýsingar á náminu

Moodle, ugla svo hefur kennarinn verið að setja inn fyrirlestra, allt lesefni, tölvupóstar, ótrúlega ánægð með þetta!
Hún er alltaf að minna okkur á hitt og þetta og setur inn allskonar fróðleik ég er bara mjög ánægð með þetta námskeið sem ég er í.





Fjarnemar: viðhorf

- 63% gott, mjög gott, frábært
- frábært og ég skil ekki að það séu ekki fleiri sem nota þetta. Og að þetta sé ekki viðurkennt í öllum háskólum.
- 33% fínt, þokkalegt, allt í lagi eða breytilegt
- allt í lagi, maður fær mikið af upplýsingum sem maður nær að taka inn heima hjá sér. en samt lendir maður oft í því að mynd og hljóðgæði eru ekki mjög góð, maður heyrir ekki spurningar úr sal. maður fær ekki alla söguna ef kennarinn er að svara spurningum því hann endurtekur ekki spurningar frá nemendum. En mér finnst kennararnir duglegir að koma á mótis við nemendana. Aðallega þar að bæta tæknimálin.
- Þokkalega sáttur við það. Ekki verið vandamál,
- 1 (3%) mjög óánægð, ath. fyrri reynsla af vandinámi



Fjarnemar: hvað er að ganga vel?

33% sveigjanleiki

- Kennarinn minn, er búin að vera með sama kennara í báðum námskeiðum. Hún er sveigjanleg og þæginleg með samskipti og verkefnaskil.; Já þessi sveigjanleiki að geta hagað mínum tíma í náminu eins og mér hentar út frá bæði veikindum og fjölskyldu.

33% skipulag og/eða upptökur

- Til dæmis að geta farið og hlustað á fyrirlestra. Það er algjör snilld! svo tekur hún upp í tímum svo maður er að fá spurningarnar úr bekk og að er eins og maður sé í tímanum.



Fjarnemar: áskoranir, vandamál

20% engin;

27%: skortur á samskiptum v. kennara, samnema

- Maður einangrast svolítið, maður myndar ekki eins mikil tengsl við nemendur eins og er í staðnámi. Maður er kannski í 3-4 manna hóp og það eru einu einstaklingarnir sem þú tengist; Stundum gleymdu kennarinn manni í fjarnámi og maður þurfti að hafa mikið fyrir því að sækjast í upplýsingar sjálfur. Vantaði að hafa samvinnu milli staðnemenda og fjarnemenda.

13% upptökur ekki nógu góðar

3-7% (1 eða 2 nemar) ýmislegt

- Kennarar tóku ekki upp; skipulag í Moodle (2), staðlotur (2), tæknimál (1), skortur á sveigjanleika(1), sett aukaverkefni á þá sem ekki komast í staðbundinn tíma (1), samræma framsetningu námskeiða





Fjarnemar: staðlotur

- 60%: töldu sig hafa gagn eða mikið gagn af þeim
- já mjög vel. allskonar verkefni og umræður. vinnuveitandinn minn hefur skilning á staðlotunum og er ráðinn með það í huga að geta farið í þær. Ég er ekki í togstreytu við vinnuveitandann minn með það að fá að koma í staðlotu. Staðloturnar eru mjög áhugaverðar yfirleitt og maður er meira hands on í námsefninu.
- 27%: neikvæðari eða fannst það breytilegt, sumir nefndu of mikla áherslu á fyrirlestra og óæskilegar eyður í staðlotum til að spara tíma og peninga



Dæmi um góða staðlotu?

- 20%: allar góðar, vel skipulagðar
- 20%: verkefnavinna
- 17% umræða
- 13% vinnustöðvar og/eða menntabúðir
- 10% hópavinna, lengri lotur

Færri fá gott yfirlit um hvað sé framundan, í námskeiðinu, góðir gestafyrirlestarar, hhópefli, leikir, læra eitthvað sem nýtist í starfi, fá hugmyndir út frá því að hlusta á kynningar samnemenda, hitta kennarann, hlutverkaleikir, verkleg kennsla



Fjarnemar: Þróun fjarnáms

- 30% enga hugmynd
- 23% staðlotur: t.d. færri fyrirlestra, minna af eyðum
- 10% +netfundir í rauntíma; 10% +tækni, +Moodle
- 7% betra samræmi, t.d. á milli námskeiða
- 3% margvíslegar aðrar ábendingar



Fjarnemar

Hversu ánægð/óánægð	2018 Viðtöl (n=30)	2007 Könnun (n=517)
Fjarnámið	%	%
Mjög ánægð/ánægð	90 (40+50)	87 (26+61)
Hlutlaus	7	8
Óánægð/mjög óánægð	3 (0+3)	4 (3+1)
Staðlotur	%	%
Mjög ánægð/ánægð	63 (20+43)	64 (12+52)
Hlutlaus	13	20
Óánægð/mjög óánægð	23 (20+3)	17 (12+5)



Hver eru helstu skilaboðin frá þessum hópum?

- Mikilvægi fjarnáms fyrir skólastarf og menntun fagfólks
- Frekar - mjög ánægðir hópar: ábendingar um endurbætur
 - Staðlotur t.d. minni áhersla á fyrirlestra, hafa betri samfellu
 - Tryggja góð/meiri samskipti milli kennara og nema og innbyrðis milli nemenda
 - Bæta tækni, upptökur, skipulag í námsumsjónarkerfum
- Vekur spurninga - hafa kennsluhættir staðnað með samkennslu fjar- og staðnema... ofuráhersla á upptökur?